



Annáll skuldabréfa 2015

Skuldabréfateymi Stefnis
Nánari upplýsingar veitir vilhjalmur.vilhjalmsson@stefnir.is

- » Meðfylgjandi kynningarefni er tekið saman af starfsmönnum Stefnis hf. að eigin frumkvæði félagsins. Því er dreift til viðtakanda til eigin notkunar. Óheimilt er að afrita eða dreifa kynningarefninu án samþykkis félagsins. Upplýsingarnar byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar en ekki er hægt að ábyrgjast að þær séu réttar og ber félagið enga ábyrgð á þeim eða viðskiptum sem aðilar kunna að eiga í ljósi þeirra. Kynningu þessari er á engan hátt ætlað að fela í sér ráðleggingar eða tilboð um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerna. Þá felur birting kynningar þessarar ekki í sér loforð eða skuldbindingu um að félagið muni ráðstafa hagsmunum sínum eða annarra með tilteknum hætti. Stefnir hf. hvetur viðtakanda kynningarinnar til að sækja sér ráðgjöf hjá þriðja aðila áður en ráðist er í viðskipti á grundvelli hennar.

- » Ávöxtun skuldabréfasjóða Stefnis á árinu 2015 var góð hvort sem litið er til heildarávöxtunar eða miðað við s amkepnisaðila. Hér fyrir neðan má sjá ávöxtun helstu skuldabréfasjóða Stefnis. Um er að ræða árlega nafnávöxtun.


Sjóður	Nafnvöxtun 2015 / 1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5ár	Frá stofnun
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur	6,9%	5,0%	4,2%	4,2%	5,6%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur	8,4%	5,5%	4,2%	4,5%	6,5%	
Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð	7,6%	3,6%	2,9%	3,5%	5,9%	
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	5,6%	7,4%	6,6%	6,2%	5,5%	
Stefnir – Lausafjársgjóður	5,2%	5,3%	5,4%			5,4%
Stefnir - Skuldabréfaval	4,6%					4,7%

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsvæfubókunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingarnar eru fengnar frá Arion banka hf. sem er vörslu fyrirtæki sjóðanna . Sjóðirnir eru verðbréfasjóðir í rekstri Stefnis. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskráeinum þeirra má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra sem nalgst má á www.stefnir.is


- » Í upphafi ársins mældist verðbólga undir einu prósentu eftir töluverðar lækkanir á olíuverði. Nafnvextir voru sögulega lágir en á móti voru raunvextir hærri en þeir höfðu verið í nokkur ár.
- » Strax á fyrsta fjórðungi fór olíuverð að hækka á ný og samhliða því jukust verðbólguvæntingar. Raunvextir lækkuðu og nafnvextir hækkuðu hressilega.
- » Þessi þróun hélt áfram á öðrum ársfjórðungi og náðu nafnvextir hámarki í maí/júní. Raunvextir hækkuðu lítillega og náðu hámarki í lok maí.

Þróun óverðtryggðrar ávöxtunarkröfu árið 2015



- » Um miðjan júní varð hins vegar fjandinn laus. Eftir vel heppnaða kynningu stjórnvalda á lausn á uppgjöri slitabúa föllnu bankanna hófu erlendir fjárfestar að fjárfesta af miklum krafti í íslenskum skuldabréfum. Það er svo sem ekki óþekkt að erlendir fjárfestar fjárfesti í íslenskum skuldabréfum en í þetta skipti fjárfestu þeir töluvert lengra út á vaxtarófinu en áður.
- » Á svipuðum tíma byrjaði olíuverð á heimsmarkaði að lækka og átti eftir að lækka um 40% frá lokum júní út árið.

Þróun verðtryggðrar ávöxtunarkröfu árið 2015



» Undir lok ársins var nafnvaxtaferillinn nokkuð flatur í kringum 6% og raunvextir á bilinu 2,50% til 2,75%. Verðbólguálag til næstu ára er rúmlega 3% sem er lágt í sögulegu samhengi.

» Nafnvextir lækkuðu mikið frá upphafi þriðja ársfjórðungs enda námu kaup erlendra aðila frá júní til loka árs rúnum 40 milljörðum. Lækkun nafnvaxta var það mikil að seðlabankanum fannst nóg um og á vaxtaákvörðunarfundi sínum í nóvember hótaði hann aðgerðum til að hafa áhrif á vaxtamun erlendra fjárfesta. Markaðurinn hrökk í kút og hækkaði ávöxtunarkrafa RIKB bréfa milli 0,50% og 0,75% dagana eftir fundinn. Ekkert hefur hins vegar bólað á aðgerðum seðlabankans.

- » Markaður með sértryggð skuldabréf tók vel við sér á árinu 2015. Heildarútgáfa var rúmir 60 ma.kr. og heildarvelta í kauphöllinni um 50 ma.kr.
- » Síðastliðið haust stóreflðu Arion banki og Íslandsbanki viðskiptavakt með skuldabréf sín og er hún nú næstum á pari við vakt með ríkisskuldabréf.
- » Þrátt fyrir að sértryggð skuldabréf teljist með öruggari fjárfestingakostum er ennþá nokkur munur á ávöxtunarkröfu þeirra og ríkistryggðra skuldabréfa.
- » Ljóst er að sértryggð skuldabréf munu taka við hlutverki HFF skuldabréfa Íbúðalánasjóðs sem meginfjármögnunarleið íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Forvitnilegt verður að fylgjast með þróun þessar markaðar á næstu misserum.